

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Gjafasjóð Guðmundar Thorsteinssonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 11. júní 1951. Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá
fyrir Gjafasjóð Guðmundar Thorsteinssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Gjafasjóður Guðmundar Thorsteinssonar og er dánargjöf Guðmundar Thorsteinssonar, Bjarnarstíg 12, Reykjavík, er andaðist 6. júlí 1949, samkvæmt arfleiðsluskrá, dags. 24. okt. 1927, með breytingu, dags. 23. apríl 1932. Stofnfé sjóðsins, er var afhent háskólanum 30. des. 1949 og 3. jan. 1950, nam kr. 15.4789,14.

2. gr.

Sjóðurinn er eign Háskóla Íslands, og skal háskólaráð hafa stjórn hans með höndum. Það skal sjá um geymslu sjóðsins og ávöxtun, og skal höfuðstóll sjóðsins ávaxtaður í veðdeildarbréfum Landsbankans, ríkisskuldabréfum eða með öðrum jafntryggilegum hætti.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, og skal hvert ár leggja við hann helming vaxta. Hinum helmingnum skal verja sem hér segir:

1. að styrkja efnilega, fátæka stúdenta, sem stunda læknisfræði-, lögfræði- eða verkfræðinám við Háskóla Íslands. Lægri styrk en 500 kr. má ekki veita.
2. að styrkja vísindalegar rannsóknir eða vísindastarfsemi, einkum þá, er varðar lögfræðileg efni, íslensk náttúruvísindi og heilbrigðismál.
3. að styrkja útgáfu vísindarita eða vel saminna alþýðlegra fræðibóka.

4. gr.

Háskólaráð lætur árlega gera reikninga sjóðsins, og skulu þeir birtir í árbók háskólans. Reikningarnir skulu endurskoðaðir með sama hætti sem reikningar annarra háskólasjóða.

5. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.